

## Innleiðing Milou, miðlægs fósturhjartsláttarkerfis á Landspítala og tengsl þess við útkomu fæðinga

Birta Hildardóttir<sup>1,2</sup>, Halla Ósk Halldórsdóttir<sup>1,2</sup>, Helga Gottfreðsdóttir<sup>1,2</sup>

<sup>1</sup>Kvenna- og barnasvið Landspítala

<sup>2</sup>Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild, Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands

**Inngangur:** Ný útfærsla á síritun fósturhjartsláttar, svokölluð miðlæg síritun fósturhjartsláttar (Milou) hefur náð útbreiðslu en með henni er gert ráð fyrir að tryggja megi betri útkomu fæðinga og varðveislu hjartsláttarrita. Fáar rannsóknir hafa birst um áhrif Milou á útkomu fæðinga eða fæðingarumhverfið. Árið 2017 var Milou innleitt á fæðingarvakt Landspítalans en í þessari rannsókn er tilgangurinn að kanna tengsl þess við útkomu fæðinga á fæðingarvakt spítalans.

**Efniviður og aðferðir:** Rannsóknin er afturvirk ferilrannsókn. Gögnin voru fengin úr fæðingarskrá og eru rannsóknartímabilin tvö: 1) árið fyrir innleiðingu á Milou frá 1. október 2016 til og með 30. september 2017 og 2) eftir innleiðingu á Milou frá 1. október 2018 til og með 30. september 2019. Þátttakendur í rannsókninni voru allar konur sem fengu greininguna síritun fósturhjartsláttar í fæðingu (MAFA30) og fæddu einbura, eftir 37 vikna meðgöngu. Gerð var lýsandi tölfræði til að lýsa bæði bakgrunns- og útkomubreytum. Einnig var gerð greinandi tölfræði þar sem framkvæmd voru bæði kí-kvaðrat og t-próf til að meta mun á milli rannsóknarhópa.

**Niðurstöður:** Ekki reyndist marktæk aukning á áhaldafæðingum og bráðakeisaraskurðum fyrir og eftir innleiðingu á Milou á fæðingarvakt Landspítala. Auk þess reyndist ekki marktækur munur á fjölda nýbura með Apgar stigun <7 við 5 mínútur á rannsóknatíma.

**Ályktanir:** Innleiðing á Milou á fæðingarvakt Landspítalans tengist ekki aukningu á inngripum né stuðlar það að bættri útkomu nýbura. Nauðsynlegt er að vera áfram vakandi fyrir áhrifum Milou kerfis á útkomu fæðinga á Landspítalanum og er frekari rannsókna þörf á efninu.